



Reykjavík, 7. ágúst 2026

Styrkir fyrir myndríka miðlun tengda sögu og menningu í Reykjavík

Tillaga og umsögn faghóps

Á vormánuðum var auglýst eftir umsóknum um styrki til myndríkrar miðlunar og var opið fyrir umsóknir 1. - 31. maí 2026. Alls bárust 10 umsóknir um styrk, fyrir kaupum á ljósmyndum fyrir samtals 13.351.026 kr.

Sérfræðihópur skipaður af menningar- og íþróttaráði kom saman til fundar þ. 23. júní sl. og fór yfir innkomnar umsóknir.

Til ráðstöfunar voru 1.200.000 kr. og leggur sérfræðihópurinn til að styrkt verði 6 þeirra um 150.000-300.000. Verkefnin eru ólík að eðli og viðfangi en eiga það öll sameiginlegt að stuðla með ólíkum hætti að miðlun á menningararfleifð og sögu Reykjavíkur.

Lagt er til að eftirfarandi verkefni hljóti styrk :

Stríð og friður í Reykjavík – 300.000

Umsækjandi: Republik ehf.

Í ár eru liðin 40 ár frá Höfðafundinum og í tilefni þess mun Republik gera tvo heimildarþættir um efnið. Áhersla verður á tíðarandann í Reykjavík árið 1986. Efnið tengist Reykjavík beint. Umsókn er vönduð og skýr. Framleiðandi staðfestur og verkefnið er á dagskrá.

Straujárnið og viskíflaskan: Ný tónlist í Reykjavík, 1950-80 – 250.000

Umsækjandi: Árni Heimir Ingólfsson

Bókin fjallar um innreið nútímatónlistar á Íslandi á árunum eftir síðari heimsstyrjöld. Verkum hinna nýju skálda eins og Atla Heimis Sveinssonar, Jóni Nordal og Þorkeli Sigurbjörnssyni var ekki vel tekið í byrjun en verk þeirra lögðu grunninn að því blómlega menningarlífi á sviði nýrrar tónlistar sem Ísland nýtur góðs af enn í dag. Reykjavík og tónleikastaðir borgarinnar eru miðpunktur þessarar sögu. Umsókn er vönduð og skýr. Framleiðandi staðfestur og útgáfudagur staðfestur.

Framfarabrá - ævisaga Sveins Valfells eldri og yngri – 200.000

Umsækjandi: BF-útgáfa ehf.

Bókin fjallar um athafnasögu feðganna Sveins B. Valfells og Sveins Valfells en margbrotin atvinnurekstur þeirra varpar ljósi á ýmsa þætti í sögu reykvíssks atvinnulífs á 20. öld. Efnið tengist Reykjavík beint. Umsókn er vönduð og skýr. Framleiðandi staðfestur og útgáfudagur staðfestur.

**Arkitektúr og ... -- 150.000****Umsækjandi: Angústúra ehf.**

Efni bókarinnar er samband arkitektúrs við hin ýmsu samfélagsfyrirbæri, líkt og umhverfi, ofbeldi, landnám, fötlun, heilsu, kapitalisma og fegurð, svo dæmi séu tekin. Reykjavík er höfuðborg Íslands og birtingarmynd samspils arkitektúrs og samfélags einna skýrust þar. Efnið tengist Reykjavík. Umsókn er fullnægjandi. Framleiðandi staðfestur og útgáfudagur staðfestur.

Dagar Ljóss og skugga – 150.000**Umsækjandi: Þorleifur Friðriksson**

Síðasta bindið af þremur um sögu verkamannafélagsins Dagsbrúnar eftir dr. Þorleif Friðriksson, þar sem megináhersla er lögð á daglegt líf verkafólks í Reykjavík. Umsókn er fullnægjandi og framleiðandi staðfestur.

Íslenska bílaþjóðin – 150.000**Umsækjandi: Forlagið ehf.**

Bókin fjallar um umbreytingaskeið í sögu Íslands á 20. öld þegar þjóðfélagið þróaðist frá bændasamfélagi yfir í þéttbýlissamfélag með öflugum iðnaði og útflutningsgreinum, þar sem tilkoma bílsins skipti miklu máli. Bókin mun varpa ljósi á uppbyggingu Reykjavíkur og hvernig bílinn hefur leikið lykilhlutverk í mótun borgarinnar. Útgefandi er jafnframt umsækjandi og verkefnið er á dagskrá.

Að auki sóttu eftirfarandi verkefni um styrk:

Brot úr íslenskri tónlistarsögu: Sveitaböll á Íslandi**Umsækjandi: Óðinsauga útgáfa ehf.*****Now & Then*****Umsækjandi: The Reykjavík Grapevine ehf.*****Book publishing exploring Icelandic gardens*****Umsækjandi: Angela Linh Tye*****Myndrík miðlun vefsíðunnar Ásgerðarsafn.is*****Umsækjandi: Björn Þrándur Björnsson****Faghópin skipuðu:**

Guðbrandur Benediktsson, safnstjóri, Borgarsögusafn Reykjavíkur

Inga María Leifsdóttir, verkefnastjóri, Menningarborg

Helga Maureen Gylfadóttir, deildarstjóri, Borgarsögusafn Reykjavíkur